

Aðalfundur HB Granda hf. 19. apríl 2013 **Skýrsla formanns stjórnar, Kristjáns Loftssonar.**

Fundarstjóri, góðir fundarmenn

5. mars s.l. lést Árni Vilhjálmsson, eftir baráttu við krabbamein undanfarna mánuði. Árni stóð fyrir og samdi við Reykjavíkurborg um kaup fjögurra félaga, þ.e. Hvalur h.f., Hampiðjan h.f., Sjóvá h.f. og Fiskveiðahlutafélagið Venus á 78% hlut borgarinnar í Granda h.f. í ágúst 1988. Það áraði ekki vel í sjávarútvegi á þessum árum og þóttu þessi kaup ansi djörf. Árni helgaði sig verkefninu að koma Granda á réttan kjöl með aðkomu fleiri hluthafa og með því að setja Granda á hlutabréfamarkað. Seinna sameinaðist Grandi ýmsum útgerðarfyrirtækjum og keypti önnur. Árni var stjórnarformaður allt frá því kaupin á hlut borgarinnar áttu sér stað og til dauðadags. HB Grandi h.f. er verk Árna, enda var hann vakandi og sofandi yfir rekstrinum alla tíð. HB Grandi hefur misst mikinn foringja.

Bið ég ykkur að votta minningu hans, virðingu, með því að rísa úr sætum.

Starfsemi félagsins var með sama sniði árið 2012 og árin þar á undan. Tekjurnar, 197 milljónir EUR, voru 7,4% hærrí en 2011 og vegur þar mest góð loðnuvertíð. EBITDA félagsins var 59 milljónir EUR eða 5,4% hærrí en árið 2011. Hreinn hagnaður félagsins var 15 milljónir EUR, sem er töluvert lægri en árið 2011 þegar methagnaður var á rekstri félagsins, 37 milljónir EUR. Þess ber þó að geta að við virðisrýrnunarpróf sem framkvæmt var að samþykktum lögum um veiðileyfagjöld lækkaði virði félagsins og hagnaðurinn þar með um 21 milljón EUR.

Mig langar að fara nokkrum orðum um dóttur- og hlutdeildarfélag okkar en þar hafa vissulega skipst á skin og skúrir í gegnum tíðina. Eftir áralangan taprekstur voru aðstaða og leyfi fyrir fiskeldi í Berufirði og Fáskrúðsfirði seld um mitt síðasta ár. Við sölnu voru tekjufærðar 1.160 þús. EUR. Félagið er þó enn þátttakandi í kynbótastarfi fyrir þorskeldi og mun væntanlega styrkja það starf í gegnum félagið Icecod ehf. HB Grandi er stærsti hluthafi þess félags með 41,5% hlut en aðrir hluthafar eru Hraðfrystihúsið Gunnvör, Hafrannsóknastofnun og Stofnfiskur. Icecod hefur stundað kynbætur í þorskeldi frá árinu 2003. Vel hefur gengið að auka vaxtakraða þorsksins með kynbótum en afföll í kvíum hafa verið of há. Það liggur því fyrir að auka þarf sjúkdómsspól þorsksins með kynbótum auk þess að auka enn frekar vaxtakraða og liggur fyrir 10 ára áætlun um það. Hafrannsóknarstofnun mun reka verkefnið áfram og njóta þekkingar kynbótasérfræðinga Stofnfisks við það.

HB Grandi á, sem kunnugt er 65% hlut í dótturfélagi okkar, Stofnfiski h.f. Félagið hefur þá sérstöðu að geta selt laxahrogn til tveggja stærstu landanna í laxeldi, Noregs og Chile. Auk þessa hefur félagið selt hrogn innanlands og til Færeyja. Starfsfólk félagsins hefur náð þeirri sérstöðu að ná fram hrygningu hvenær ársins sem er og getur félagið því afhent hrogn í viku hverri. Tekjur Stofnfisks námu 1.230 milljónum króna á síðasta ári, EBITDA var 424 milljónir eða 34,5% og hagnaður félagsins nam 179 milljónum króna

eða 14,6%. Fiskeldi og allt sem því viðkemur er áhættusamur rekstur en reksturinn virðist í góðu jafnvægi hjá Stofnfiski og horfur jákvæðar.

Árið 2012 reyndist hlutdeildarfélagi okkar, Deris SA., í Chile, erfitt. Áhrif 20% hlutar okkar sem bókfærður er á 17,2 milljónir EUR í árslok eru neikvæð um 4,5 milljónir EUR en voru jákvæð um 2,3 milljónum EUR árið 2011. Þessi mikla sveifla í afkomu Deris, úr 11,7 milljónum EUR hagnaði árið 2011 í 22,7 milljón EUR tap árið 2012, á sér ýmsar orsakir. Þær helstu voru lægra verð afurða bæði af afurðum frystitogara og landvinnslu bolfisks og eins af laxaafurðum. Auk þess hefur launakostnaður hækkað verulega og er orðið erfitt að fá hæft fólk í fiskvinnslu félagsins sem gerir út tvo frystitogara, þrjá ísfisktogara og rekur auk þess tvö fiskiðjuver og fiskeldisstöðvar í Chile. Erfiðleikarnir í laxeldinu voru þó taldir mynda kauptækifæri á leyfum til frekara eldis og tók HB Grandi þátt í hlutafjár aukningu í því skyni. Stjórn félagsins tók ákvörðun um að halda 20% hlut sínum óskertum við hlutafjár aukninguna og lagði til 6 milljónir USD til þess. Hlutafjár aukningin var nýtt til kaupa á aðstöðu og á fleiri laxeldisleifum til eldis. Í dag gæti Salmones Friosur, laxeldisfélag í eigu Deris, alið og slátrað allt að 100 þús. tonnum af laxi á ári. Það verður þó bið á því í bili m.a. vegna markaðsaðstæðna, en nú er félagið að slátra um 20.000 tonnum á ári.

Auk þegar nefndra félaga á HB Grandi 25% hlut í Norðanfiski ehf. sem framleiðir fiskafurðir fyrir neytenda- og stóreldhúsamarkað innanlands og utan. Áhrif hlutdeildarféлага okkar, voru neikvæð um 4,5 milljónir EUR árið 2012 en jákvæð um 2,4 milljónir EUR árið 2011.

Nýtt frumvarp um stjórn fiskveiða varð, sem betur fer ekki að lögum á nýloknu þingi. Aftur á móti voru samþykkt lög um veiðigjöld á síðasta ári, sem munu íþyngja rekstri HB Granda svo um munar á komandi árum ef þessi lög fá að standa óbreytt. Þessi lög um sérstakt veiðigjald eru byggð á almennri nálgun og greiningu á afkomu og auðlindarentu í sjávarútvegi í heild. Við útreikninginn eru notuð gögn frá Hagsstofnunni, sem ekki eru ætluð til skattlagningar. Þannig verður þessi álagning mjög flókin og varla skiljanlegt hvernig staðið er að álagningu rentugjaldsins. Það verður að kasta þessum óskapnaði fyrir róða og koma með útfærslu á því hvernig auðlindarenta skuli reiknuð og verði auðlindarentan þá lögð á alla jafnt, er stunda útgerð. Útgerðin hefur lýst því yfir að hún sé tilbúin til að greiða hóflegt gjald, sem kalla má auðlindarentu. Hvernig þá auðlindarentu skuli reikna út getur auðvitað verið á marga vegu.

Leyfi ég mér að leggja til að auðlindarenta verði greidd af lönduðum afla, enda upplýsingar þar um auðsóttar hjá Fiskistofu.

Sett verði á fót nefnd valinkunnra manna er reikni út gjald fyrir hverja fisktegund fyrir sig, sem endurskoða megi t.d. þrisvar á ári eftir því hvort verulegar breytingar hafi orðið á verði hvernar tegundar á mörkuðum. Við ákvörðun auðlindarentunnar á hinar ýmsu fisktegundir væri tekið tillit til kostnaðar við að sækja þær, en sá kostnaður getur verið mjög mismunandi, þannig að þorskígildisstuðlar duga ekki við þannig útreikninga. Ég sé fyrir mér þannig útfærslu, sem mjög gegnsæja og einfalda, þannig að flestir myndu skilja hvernig auðlindarentan væri ákveðin. Leyfi ég mér að stinga upp á þessu hér, þar sem núverandi auðlindagjalds útreikningar eru gjörsamlega óásættanlegir og verður að afnema.

Eins og þetta er útfært í dag mun auðlindarentugjaldið ganga frá útgerðarfyrirtækjum, einu af öðru. HB Grandi mun hafa eitt hvert úthald hvað varðar þessi gjöld en það gengur ekki lengi. Í ár er auðlindarentan, sem rukkuð er um 13 milljarðar króna. HB Grandi greiðir um 16% af þeirri upphæð eða rúma 2 milljarða króna. Ef þetta heldur áfram óbreytt þá er reiknað með að auðlindarentan á næsta fiskveiðiári þ.e. 2013/2014 verði um 30 milljarðar króna. 16% af þeirri upphæð verða um 4,8 milljarðar króna. Næstu fiskveiðiár þar á eftir mun gjaldið aukast enn. Fyrir 4,8 milljarða króna má byggja nýjan frystitogara eða tvo ísfisktogara. Aflaverðmæti ísfisktogaranna okkar þriggja var um 3,3 milljarðar króna árið 2012. Hér er ekki um neina skiptimynt að ræða.

Upplýsingar frá Fiskistofu í byrjun ársins um að HB Grandi hefði farið yfir leyfileg mörk heildaraflahlutdeildar, vöktu nokkra athygli.

Samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða má heildaraflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra eða tengdra aðila ekki fara yfir 12% af heildarverðmæti aflahlutdeilda allra tegunda. Árið 2006, eftir að félagið varð til í núverandi mynd, var hlutdeild félagsins 10,6%. Síðan hafa engar breytingar orðið á aflahlutdeild þess, við höfum hvorki keypt né selt aflahlutdeild. Fiskistofa leiðrétti reyndar útreikninga sína og reyndist hlutdeild okkar 11,95%, 23. janúar síðastliðinn.

Ýmis dæmi er hægt að nefna, sem sýna að við óbreyttar reglur verður illa unað. Verði t.d. sú breyting ein að verð á karfa hækki um 10% fer hlutdeild okkar í 12,16%. Verði hins vegar verð óbreytt og sú breyting ein að aflamark í þorski verði aukið um 30.000 tonn mun hlutdeild okkar lækka í 11,48%. Ýmislegt annað má telja eins og það að aukin landvinnsla þorsks á kostnað sjófrystingar lækkar verðmæti hans í aflahlutdeild þrátt fyrir að útflutningsverðmæti aukist. Það er vegna þess að meðalverð landaðs þorsks lækkar og þar með verð hans í þorskígildum. Aukist hlutfall sjófrystingar á karfa mun það hækka þorskígildisstuðul karfa burtséð frá öðrum breytum. Því fer fjarri að það hafi verið eða sé ætlan félagsins að fara yfir leyfilega aflahlutdeild. Ein leið til að auðvelda bæði eftirlit og framfylgni hámarkshlutdeildar er að miða hámarkið við ákveðna fasta þorskígildisstuðla, sem ekki breytast við flökt á verði eða löndunarmynstri einstakra tegunda.

Í árslok 2012 var gengi hlutabréfa félagsins 15,0. Lokagengi ársins 2011 var 12,6. Gengið hækkaði því um rúm 19% á árinu. Mikil deifð var yfir viðskiptum með bréf félagsins á árinu 2012. 47 viðskipti voru skráð í Kauphöll, samtals að fjárhæð kr. 24.300.430 og meðalgengi í viðskiptunum því 13,9753. Árni gat um það á aðalfundinum í fyrra að það hafi lengi vakað fyrir stjórn félagsins að ráða hæfan aðila til að annast markaðsvakt með hluti í félaginu, með því að standa daglega að lágmarksfjárhæð kaup- og sölutilboða á eignarhlutum í félaginu. Það hefur hins vegar ekki verið talið tímabært fyrr en komin væri festa í málefni sjávarútvegsins. Kosturinn við markaðssvakt er að forðast má tjón sem hluthafi, sem neyðist til að selja fyrirvaralítið fyrir lágt verð verður fyrir.

Kynni ég nú þær tillögur, sem stjórnin leggur fyrir fundinn. Lögð er fram tillaga um, að úthlutað verði arði sem er 1 króna af hverjum hlut útistandi hlutafjár. Þessi arður gerir um 31% af hagnaði ársins án áhrifa virðisryrnunar, en hafa ber í huga að þar er um eingildis kostnað að ræða. Þessi arðgreiðsla þokar okkur fram veginn með þá stefnu að

uppsafnaður arður skyldi hverju sinni vera, sem næst helmingi af samanlögðum hagnaði liðinna ára. Það verður svo lögð fram tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum. Svipuð tillaga hefur verið samþykkt árlega nokkur undanfarin ár. Engin ástæða hefur þótt vera til að gera breytingu á starfskjarastefnu félagsins, en fyrir henni er gerð grein á ársskýrslu félagsins. Þess vegna er ekki um að ræða neina tillögu um það efni.

Að lokum, vil ég fyrir hönd stjórnarinnar færa öllum starfsmönnum félagsins kærar þakkir fyrir vel unnin störf.